

3. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi 1936).

1. gr.

Á eftir orðunum „1. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935“ í 1. málsg. 2. gr. laga nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs, komi: Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um breyting á lögum nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til rikissjóðs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að þegar útbúin voru lög nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til rikissjóðs, hafi fallið niður ein setning úr texta 2. gr. nefndra laga, um tekjuskatt þeirra, sem hafa skattskyldar tekjur undir 1000 krónum. Með því að svo er ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920. Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Á eftir orðunum „1. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935“ í 1. málsg. 2. gr. laga nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til rikissjóðs, komi orðin: Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg 24. janúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.